

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Sent í gegnum umsagnargátt Alþingis

Reykjavík 26. mars 2025

Efni: Umsögn Starfsgreinasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi (aukin réttindi foreldra) nr. 77/2022, 146. mál.

Starfsgreinasamband Íslands hefur fengið til umsagnar 146. mál um sorgarleyfi (aukin réttindi foreldra).

Þann 1. janúar 2023 var stigið mikilvægt skref þegar lög um sorgarleyfi tóku gildi og foreldrum tryggðar greiðslur til að koma til móts við tekjutap í kjölfar barnsmíssis. Með þeim breytingum sem þetta frumvarp felur í sér er betur komið til móts við þá foreldra sem missa barn sitt og réttur til sorgarleyfis útvíkkaður til foreldra sem missa maka og þurfa svigrúm til sorgarúrvinnslu, bæði sinnar eigin og barna sinna.

Starfsgreinasamband Íslands lýsir yfir stuðningi við umrætt frumvarp sem mun, nái það fram að ganga, styðja betur við foreldra sem upplifa barnsmíssi og makamíssi og þurfa að hverfa tímabundið af vinnumarkaði, draga úr áhyggjum þeirra af framfærslu og auðvelda endurkomu þeirra á vinnumarkað þegar að því kemur.

Virðingarfyllst,


Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS